

Sp.

613. Tillaga til þingsályktunar

[172. mál]

um ráðstafanir til að draga úr atvinnuleysinu.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar eftirfarandi ráðstafanir til þess að bæta úr atvinnuleysi því og framleiðsluminnkun, sem orðið hefur:

1. Gefa frjálsan innflutning á öllum hráefnum til íslensks iðnaðar.
2. Gefa frjálsa byggingu íbúðarhúsa, miðað við hóflegar íbúðir, og frjálsan innflutning byggingarefnis.
3. Hefta innflutning á þeim útlendum iðnaðarvörum, sem hægt er að framleiða innanlands sambærilegar.
4. Hlutast til um það við bankana, að veitt sé stórum aukið rekstrarfé:
  - a. til sjávarútvegsins til að gera mögulega sem fyllsta hagnýtingu aflans innanlands til að auka útflutningsverðmæti hans;
  - b. til iðnaðarins til þess að tryggja kaup hans á hráefnum og úrvinnslu;
  - c. til íbúðarbygginga.

Greinargerð.

Atvinnuleysið er nú orðið gifurlegt um land allt. Það hefur verið landlægt úti um land síðustu árin, en er nú orðið ægilegt í Reykjavík líka. Nú eru í höfuðstaðnum 1471 atvinnulausir í 13 verkalýðsfélögum. Ef taldir eru með þeir, sem atvinnulausir eru í öðrum verkalýðsfélögum, meðal handverksmanna og verzlunar- og skrifstofufólks, er óhætt að fullyrða, að um 2500 manns séu atvinnulausir í Reykjavík. Þetta atvinnuleysi er afleiðing af stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og fjármálum. Sumpart hefur ríkisstjórnin gert beinar ráðstafanir til þess að skapa atvinnuleysi, svo sem með hindrunum sínum á innflutningi hráefna til innlends iðnaðar, byggingarefnis og höftum sínum á byggingum. Enn fremur hefur hún aðstoðað við að skapa atvinnuleysi með fyrirmælum sínum til bankanna um að draga úr útlánnum. Sumpart hefur svo ríkisstj. látið undir höfuð leggjast að beita ríkisvaldinu og því mikla fjármagni, sem það hefur yfir að ráða, til þess að auka atvinnu og framleiðslu.

Þessi tillaga miðar einvörðungu að því að fá ríkisstjórnina til að hætta þeim aðgerðum sínum, sem skapa atvinnuleysi, og gefa landsfólkinu frelsi til að mega reyna að bjarga sér sjálft. Virðist ekki til mikils mælt. Framkvæmd þessarar tillögu mundi ekki kosta ríkissjóð einn einasta eyri, en hins vegar gefa honum tekjur sökum aukins atvinnulífs og vaxandi framleiðslu.

Ástandið í þjóðfélaginu er nú gerólikt því, sem var hér á hinum ægilegu kreppuárum 1931—34. Þá skall markaðskreppa yfir Ísland, sem var fátæklega búið að framleiðslutækjum, togarar þess voru „ryðkláfar“ og hraðfrystihús engin til.

Nú er engin markaðskreppa, heldur þvert á móti hægt að selja allar afurðir, sem Ísland getur framleitt. Og þjóðin á nýtizku stórvirk framleiðslutæki á öllum sviðum, sem geta framleitt stórkostleg verðmæti. Það er því fyrst og fremst ríkisstjórnin og stefna hennar, sem stendur í veginum fyrir fullri hagnýtingu framleiðslutækjanna og markaðanna.

Innihald þessara tillagna er í samræmi við þær óskir, sem atvinnuálanefnd fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna hefur flutt þingmönnum Reykjavíkur. Hins vegar felast ekki í þessum tillögum allar tillögur þeirrar nefndar, en aðrar þeirra hafa hins vegar þegar verið bornar fram í frumvörpum og breytingartillögum við frumvörp.